

Sþ.

177. Fyrirspurnir.

[95. mál]

I. Til viðskiptamálaráðherra um sjálfvirku símsstöðina á Akureyri.

Frá Sigurði E. Hliðar.

Hvað liður sjálfvirku símsstöðinni fyrir Akureyri, og hvenær má vænta þess, að hún verði sett upp?

II. Til ríkisstjórnarinnar um fjáröflun í sambandi við skipakaup.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvar og hvernig hefur ríkisstjórnin tryggt sér fjármagn til að greiða þá 10 togara, sem hún lætur smíða í Englandi?
2. Hvar og með hvaða kjörum hefur ríkisstjórnin útvegað sér þær fimm milljónir króna, sem með þarf til að greiða hið nýja strandgæzluskip, sem verið er að smíða í Danmörku?

III. Til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað og árangur af þátttöku Íslendinga í alþjóðafundum í sambandi við hafrannsóknir og friðun Faxaflóa.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Á hve mörgum alþjóðafundum um hafrannsóknir og friðun Faxaflóa hafa Íslendingar haft fulltrúa síðan 1938?
2. Hvar hafa þessir fundir verið haldnir, og hve lengi hafa fulltrúar Íslands dvalið þar í hvert sinn?
3. Hverjir voru fulltrúar Íslands á hverjum þessum fundi?
4. Hve mikið kostaði þátttaka Íslands í þessu fundahaldi íslenska ríkið í hvert sinn?
5. Hver var árangur fyrir íslenska ríkið af þátttöku í hverjum fundi?
6. Hverjar eru niðurstöður af þessu fundahaldi varðandi friðun Faxaflóa?

IV. Til forsætisráðherra varðandi flutning þingfrétta í útvarpi.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Hvaða stjórnarvöld hindra, að útvarpið segi frá fyrirspurnum, sem bornar eru fram á Alþingi?
2. Hvers vegna er þetta bann lagt á fyrirspurnir á Alþingi?
3. Á hvaða formlegum heimildum byggist þetta bann?